

Hæfniviðmið í náttúrugreinum – þrep 1

Geta til aðgerða

| |
|---|
| Nefnt dæmi um hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. |
| Sýnt frumkvæði í verkefnavinnu. |
| Látið sig varða sitt nánasta umhverfi. |
| Gert sér grein fyrir að málefni geta haft margar hliðar sem einkennast af mismunandi sjónarmiðum. |

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

| |
|--|
| Skoðað, greint og komið með hugmyndir að því hvernig bæta má eigið umhverfi. |
| Unnið eftir verkferli nýsköpunar. |
| Bent á störf sem krefjast sérþekkingar. |

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

| |
|--|
| Miðlað hugmyndum sínum í máli og myndum. |
| Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í rituðu og töluðu máli. |
| Gert sér grein fyrir samspili manns og náttúru. |

Vinnubrögð og færni

| |
|---|
| Aflað sér upplýsinga sem tengjast viðfangsefni greinarinnar hverju sinni. |
| Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi. |
| Sagt frá og útskýrt niðurstöður sínar. |
| Framkvæmt einfaldar athuganir. |
| Skráð niðurstöður athuganna á myndrænan hátt og á rituðu máli. |
| Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga. |
| Hlustað á og rætt hugmyndir annarra. |

Ábyrgð á umhverfinu

| |
|---|
| Bætt eigið umhverfi, t.d. með því að tína rusl, gróðursetja og snyrta til í umhverfi skólans. |
| Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu. Til dæmis náttúruhamfarir, veðrabrigði, framkvæmdir og fleira. |

Að búa á jörðinni

| |
|---|
| Tekið þátt í einföldum athugunum á jarðvegi. |
| Tekið þátt í einföldum athugunum á veðrun. |
| Tekið þátt í einföldum athugunum á rofi. |
| Geti sagt frá hvernig Ísland myndaðist og tekur breytingum. |
| Lýst landnotkun í heimabyggð. (Ræktun og verndun). |
| Tekið þátt í veðurathugunum. |
| Þekki árstíðarbreytingar. |
| Skoðað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar og lýst því sem fyrir ber í heimabyggð. |

Lífsskilyrði manna

| |
|---|
| Þekkt heiti helstu sjáanlegra líkamshluta. |
| Þekkt virkni og helstu heiti hjarta- og æðarkerfisins. |
| Þekkt virkni og helstu heiti meltingarfæranna. |
| Þekkt virkni og helstu heiti æxlunarfæranna. |
| Þekkt virkni og helstu heiti skynfæra og húðar. |
| Þekkt virkni og helstu heiti taugakerfisins. |
| Gert sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar. |
| Gert sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis. |
| Gert sér grein fyrir mikilvægi hollrar fæðu. |
| Þekkt fæðuhringinn. |
| Gert sér grein fyrir mikilvægi svefns. |
| Þekkt til skaðlegra efna. |
| Áttað sig á hvernig sjúkdómar og sýklar berast á milli manna. |

| |
|--|
| Áttað sig á hvernig vatn er nýtt á heimilum og í umhverfinu. |
| Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi. |
| Áttað sig á hvaða áhrif sólarljós hefur á umhverfi. |

Náttúra Íslands

| |
|--|
| Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni. |
| Skoðað lífverur í sínu náttúrulega umhverfi. |
| Þekkt útlit, einkenni og hegðun íslensku húsdýranna (hestur, kýr, kindur, svín, geitur, hundar, hænsni, kettir). |
| Þekkt útlit, einkenni og hegðun villtra spendýra (minkur, refur, mús, hreindýr). |
| Þekkt útlit og einkenni algengustu farfugla og staðfugla í heimabyggð. |
| Þekkt útlit, einkenni og hegðun sjávarspendýra (selur og hvalur). |
| Þekkt útlit, einkenni og hegðun fiska. |
| Útskýrt fæðukeðjur. |
| Þekkt til algengustu orkugjafa á Íslandi. |
| Gert sér grein fyrir hvers konar náttúruhamförum má búast við á Íslandi. |

Heilbrigði umhverfisins

| |
|--|
| Flokkað úrgang. |
| Áttað sig á því að efni getur skipt um ástand, til dæmis frýs vatn í frosti, snjór bráðnar í hita o.s.frv. |
| Rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna. |
| Skilgreint hugtakið þyngdarafli og viti hvaða áhrif það hefur í umhverfinu. |

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

| |
|--|
| Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra. |
| Áttað sig á hvernig uppfinningar hafa haft áhrif á líf fólks, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum. |
| Lýst eiginleikum hljóðs. |
| Lýst eiginleikum ljóss. |

| |
|---------------------------------------|
| Sagt frá þróun algengra rafmagnstækja |
|---------------------------------------|

| |
|---------------------------|
| Gert tilraunir með segla. |
|---------------------------|